

Súðavíkurhreppur
Árni Traustason,
byggingarfulltrúi
Grundarastræti 3
420 Súðavík



Reykjavík, 21. nóvember 2013
Tilvísun: UST20131100004/ksj

Tillaga að deiliskipulagi frístundahúss á Látrakoti í landi Látra, Súðavíkurhreppi

Vísað er til erindis byggingarfulltrúa Súðavíkurhrepps er barst 1. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi frístundahússins Látrakots í landi Látra, Súðavíkurhreppi. Svæðið sem tillaga að deiliskipulagi nær yfir liggur utarlega við Mjóafjörð nestanmegin.


Náttúruminjasvæði


Svæðið sem deiliskipulagstillagan nær yfir liggur á svæði nr. 319 á náttúruminjaskrá, í skránni segir um svæðið: „*Vestanverður Mjóifjörður, Heydalur, Gljúfradalur, Seljadalur og Látur, ásamt aðliggjandi fjalllendi. Suðurmörk liggja um Botnsfjall, Grímshól og í hreppamörk vestan Djúpavatns, þaðan um hreppamörk allt norður að Digranesi. Fjölbreytt landslag og gróskumikið kjarllendi.*“

Niðurstaða

Þar sem áætlað framkvæmdasvæði liggur utarlega með Mjóafirði, á svæði þar sem minna er um gróður en innar í firðinum, gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemd við uppsetningu timburbústaðar í landi Látra. Umhverfisstofnun minnir á að þess sé gætt að staðsetning bústaðar sé þannig að sjónræn áhrif séu í lágmarki. Stofnunin bendir á mikilvægi þess að við framkvæmdir sé forðast allt óþarfa rask þar sem svæðið er á náttúruminjaskrá. Einnig bendir stofnunin á að fráveita skal vera í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 og leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um rotþrær og siturlagnir.

Virðingarfyllt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun